

Ályktun um íslenskan lánamarkað

Ársfundur ASÍ krefst þess að stigin verði markviss skref á allra næstu árum til að færa íslensk lánaþjór að því sem gerist í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Þrátt fyrir vaxtabreytingar undanfarin misseri er ljóst, að Íslendingar búa við verulega hærra vaxtastig en í viðmiðunarlöndunum.

Ársfundur ASÍ telur mikilvægt að Hagdeild ASÍ skoði hvort lítið íslenskt myntsvæði og óstöðugt efnahagslíf standi í vegi fyrir lækkun vaxta til lengri tíma.